

Umsögn ISNIC um umsögn PFS um lénafrumvarpið (421. þingskj.)

Þegar núverandi stjórn tók við ISNIC í mars 2007, og ríkið var á ný orðið stór hluthafi í félaginu (með um ¼ hlutfjár) var innheimt stofngjald upp á **kr. 18.798** að núvirði, sem innifól fyrsta árgjald lénsins. Árgjald léns á stofngjalds var **kr. 12.052** að núvirði (VNV 267,1 móti 403,3). Nýja stjórnin felldi niður stofngjald léna 1. nóvember 2008, setti verð léna með séríslenskum staf í eittþúsund krónur fyrir Íslendinga og lækkaði árgjald lénsins á ný um eittþúsund krónur í desember 2011. Nú, réttum sex árum eftir að ný stjórn tók við ISNIC, er árgjald .is-léns kr. **6.982** og hefur því **lækkað** um **42%** að raungildi á sex árum. Viðbrögð neytenda létu ekki á sér standa og hefur .is-lénum fjölgað úr um 13.000 í upphafi árs 2007 í 42.333 lén þegar þetta er skrifað, eða um **325%** sem er Norðurlandamet! Á móti hefur hagnaður félagsins dregist verulega saman (eins og gert var ráð fyrir) þrátt fyrir rúmlega tvöfalt meiri veltu. Hagnaður félagsins var 78,4 milljónir króna fyrir árið 2006 að núvirði (52,5 millj. gamlar krónur) en reyndist 52,2 milljónir króna 2011. Enginn arður var greiddur út félaginu frá kaupárinu 2007 til ársins 2011. Ekkert af þessu kemur fram í umsögn Póst og fjarskiptastofnunar (PFS). Fullyrðingar PFS varðandi lántökur og arðgreiðslur ISNIC frá árinu 2006 eru ekki svара verðar.

Okkur er vorkunn því sum stjórnvöld viðurkenna hvorki góðan árangur starfsmanna ISNIC, né heldur kunna þau núverandi stjórn ISNIC þakkir fyrir þá staðreynd að hennar vegna eignaðist ríkið á ný myndarlegan hlut í félaginu, sem það seldi hæstbjóðanda árið 2000. Í umsögn PFS er vitnað í (segi og skrifa) 7 ára gamla skýrslu frá OECD um verðsamanburð léna og mýtan um afar hátt verð .is-léna endurtekin enn á ný. Okkur hjá ISNIC er vorkunn og við spyrjum í forundran: hvað höfum við gert af okkur til þess að verðskulda þessa framkomu?

Nánari leiðréttingar á rangfærslum PFS:

Hér skal þess freistað að leiðrétta alvarlegar rangfærslur og misskilning sem fram kemur í umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) þar sem þær (ætlað hátt verðlag léna á Íslandi og ætluð einokunaraðstaða) eru þungamiðjan í röksemdarfærslu PFS fyrir því að stofnunin skuli fá afar ríkar eftirlits- og valdheimildir yfir starfsemi ISNIC lögfestar á Íslandi, ríkari heimildir en þekkest í nokkru hinna Norðurlandanna, sem þó voru höfð til hliðsjónar, bæði í umsögn PFS og við gerð frumvarpsins. ISNIC bendir nefndarmönnum á þá staðreynd að í Finnlandi, landinu sem PFS lítur helst til í þessum efnum, eru engin lög um höfuðlénið .fi, og að þar sér finnska fjarskiptastofnunin sjálf um reksturinn. Finnland er eina landið í V-Evrópu, utan Grænlands, sem þannig háttar til um (heimild: CENTR.org). Þá hvetur ISNIC nefndina eindregið til horfa helst til sænsku laganna og minnir á að lög um lén eru nú víða til endurskoðunar vegna mikilla breytinga á umhverfi netsins sem þegar hafa átt sér stað (dæmi Facebook og samfélagsmiðlar) eða eru í farvatninu hjá stjórn internetsins, ICANN, og munu koma fram í vor.

Úr umsögn PFS: Undir lið 1, sem PFS nefnir „*Lykilþættir frumvarpsins*“ segir, tilvitnun hefst: „*Takmörkuð auðlind — réttindi sem eiga að vera á forræði hins opinbera.*“
„*Að áliti PFS er um að ræða auðkenni sem hefur sérstök tengsl við land og þjóð og er í*

*eðli sínu takmörkuð auðlind, þar sem aðeins er um að ræða eitt skilgreint landslén, eðli málsins samkvæmt. Af þessum ástæðum og þar sem skráarhald og ábyrgð á skráningastarfsemi getur aðeins verið á hendi eins aðila er um að ræða **náttúrulega einokun (e. natural monopoly)**.” Tilvitnun lýkur.*

A. Röng notkun PFS á hagfræðihugtakinu „náttúruleg einokun“.

Hugtakanotkunin í umsögn PFS er hagfræðilega röng og því fellur röksemdafærslan um sjálfa sig. Hugtakið „náttúruleg einokun“ hefur hvorki með náttúruna né heldur með takmarkaðar auðlindir að gera. Markaðsaðstaðan „náttúruleg einokun“ getur alls ekki átt við um starfsemi ISNIC eins og hér skal sýnt fram á. Hins vegar má á netinu finna allskyns staðhæfingar leikmanna um hið gagnstæða, sem standast ekki skoðun, frekar en ýmislegt sem finna má á blessaða internetinu. Betur hefði farið á því ef PFS hefði talað um tæknilega einokun, sem hefði verið réttara, enda er tæknilega séð ekki hægt stjórna höfuðléni frá mörgum stöðum samtímis. Tæknileg einokun fyrirfinnst út um allt í efnahagslífinu og er hvorki bönnuð, né heldur reyna stórnvöld að hafa hemil á henni öðruvísi en með almennum samkeppnislögum.

„Náttúruleg einokun“ er aftur á móti nákvæm hagfræðileg skilgreining (heiti) á tegund markaðar, sem myndast þegar eitt fyrirtæki býður upp á tilgreinda vöru eða þjónustu, sem krefst mjög mikillar fjárfestingar í upphafi, það mikillar að óvinnandi vegur er fyrir annan aðila að komast inn á markaðinn síðar vegna þess að fyrsti aðilinn býr þá þegar við stærðarhagkvæmni sem ómögulegt er (naturally impossible) fyrir aðila númer tvö að keppa við. Þannig eru markaðir fyrir rafmagn, vatn, vega- og lestarkerfi, flugvelli o.þh. oft skilgreindir sem „náttúruleg einokun“. Sé aðstaða náttúrulegrar einokunar sprengd upp með lögum og nýjum aðila veitt aðgengi að sama markaði (t.d. eins og þegar Landssími Íslands var einkavæddur) getur það orðið til þess að minnka stærðarhagkvæmnina, a.m.k. tímabundið, og þar með þjóðhagslega velferð á viðkomandi svæði - nema ef tæknilegar framfarir hafa í millitíðinni orðið til þess að minnka verulega stofnkostnaðinn, eins og gerðist í tilfelli síma- og netþjónustu. Fjölmargar ágætær vísindagreinar má finna um þetta efni og er óþarfi að tíunda þær sérstaklega hér.

Starfsemi ISNIC og annarra álíka fyrirtækja, þ.e.a.s. nafnaþjónusta fyrir höfuðlén, rekstur rétthafaskrár og önnur nauðsynleg tæknileg uppsetning, krefst lítillar fjárfestingar miðað við starfsemi *náttúrulegra einokunaraðila*. Það er almennt einkenni einokunar að eftirspurn eftir þjónustu eða vöru einokunaraðilans er að mestu óháð verðinu sem hann býður, enda getur fólk ekki leitað annað. ISNIC hefur sýnt fram á það á undanförunum sex árum að eftirspurnarteygni höfuðlénsins .is er u.þ.b. 1:1, sem þýðir að eftirspurnin eykst nokkurnvegin í réttu hlutfalli við verðbreytinguna. Þannig lækkaði ISNIC árgjald lénsins 12. desember 2011, eins og ofan greinir, um eitt þúsund krónur (12,5%) og næstu 12 mánuði þar á eftir jókst salan um tæp 15% þannig að tekjur ISNIC af sölu léna innanlands stóðu nokkurnvegin í stað þrátt fyrir 12,5% verðlækkun. Sama gerðist eftir að stofngjald léna var fellt niður í 1. nóv. 2008. Næstu 12 mánuði á eftir fjölgaði seldum lénum það mikið að tekjur ISNIC stóðu nokkurnvegin í stað milli ára, þrátt fyrir mikla verðlækkun (33%) á fyrsta árgjaldi léns og kreppuna sem fór í hönd.

Stofnkostnaður höfuðléns (e. Top Level Domain) er ekki nægilega hár til að geta talist hindrun


fyrir innkomu nýrra aðila á markað, líkt og reyndin væri ef rekstur höfuðléns byggir við náttúrulega einokun, eins og PFS heldur fram. Þá hefur ICANN (stjórnandi internetsins) breytt áherslum sínum og beitir sér nú beinlínis fyrir fjölgun höfuðléna, og hefur nú til afgreiðslu hvorki fleiri né færri en **1.440** umsóknir um ný höfuðlén, sem fyrirtækið hyggst afgreiða í vor. Hver sem er getur því sótt um höfuðlénið **.isl**, svo dæmi sé tekið, og markaðssett það á Íslandi í samkeppni við ISNIC. Afgreiðslugjaldið hjá ICANN er reyndar \$185.000 (um 22 mkr.) en það var áður \$250.000 og rætt er um að það lækki enn frekar. Þá er það þekkt staðreynd, að höfuðlén smárra og fámennra markaðssvæða séu markaðssett víðar en í heimalandinu til þess að ná fram meiri rekstrarhagkvæmni og lægra verði. Dæmi um þannig höfuðlénin eru t.d. **.by** (Hvíta Rússland), **.lu** (Luxemburg), **.li** (Lichtenstein með 70.000 lén, 35.000 íbúa), **.me** (Svartfjallaland), **.tv** (Tuvalú eyjar), **.cc** (Cocos eyjar), **.st** (Sao Tome) og **.nu** (Niue) sem Internet Infrastructure Foundation í Svíþjóð, fyrirtækið sem á og rekur **.se** tók nýverið yfir, en höfuðlénið **.nu** er vinsælt lén í Svíþjóð samhliða **.se**.

B. Röng ályktun og röng verð og tengsl milli smæðar markaðar og árgjalds léna.

Í umsögn PFS á bls. 5 segir; „*Smæð markaðarins virðist ekki skýra hina háu verðlagningu hér á landi, en PFS gerði einnig verðsamanburð við smárikinn Liechtenstein og Möltu og reyndist verðið á Íslandi um eða yfir 100% hærra í þeim samanburði.*“ Tilvitnun lýkur.

Rannsókn ISNIC sýnir að fullyrðingin er röng og að mikillar ónákvæmni gætir, sérstaklega hvað **.li** (Lichtenstein) áhrærir. Bent skal sérstaklega á að lénaskráningar beint undir **.mt** eru ekki leyfðar og að íbúar Möltu nota helst **.com** og **.eu**, sem skýrir að skráð lén undir þriðja stigs léninu **.com.mt** eru aðeins rúmlega fjögur þúsund talsins en íbúar Möltu eru rúmlega 400 þús. Þá gleymir PFS að skoða fjölda lénaskráninga á bak við hvert höfuðlén (í stað íbúatölu) og verður það á að að birta verð með virðisaukaskatti, sem er mjög mismunandi í löndunum og langhæstur á Íslandi. Einnig innheimta sum fyrirtæki stofngjald, sem hefur verið aflagt hjá ISNIC eins og áður segir. Mjög lítill fjöldi skráninga undir landsléni Möltu (4.250 lén) sýnir að markaðssetning lénsins hefur mistekist.

Súluritið hér fyrir neðan sýnir árgjöld nokkurra mjög smárra höfuðléna, skv. verðskrá viðkomandi fyrirtækja, og sem hægt er að kaup beint af skráningastofu eins og háttar til um á Íslandi (sem er luxusaðstaða fyrir réttthafa léna). Reyndar sér SWITCH, svissneska skráningastofan, um reksturinn á höfuðléni Lichtenstein, **.li**, en það kemur auðvitað hvergi fram hjá PFS. Afar líklegt er þó að almenningur og fyrirtæki, sem skrá **.li**-lén, kaupi þau ásamt annarri netþjónustu gegn mun hærra verði en hér kemur fram. Í samantekt ISNIC er um að ræða smásöluverð í evrum án vsk. Athugið, að ISNIC er bæði heildsala og smásala með sama verð fyrir alla, en mjög algengt er að höfuðlén séu rekin sem heildsala, en að smásalar (t.d. hýsingar og netfyrirtæki) sjái um að afgreiða lén til einstaklinga og fyrirtækja með sinni álagningu. Niðurstaðan sýnir að árgjald **.is** léna er í ágætu samræmi við samanburðarlöndin og fullyrðing PFS um 100% verðmun stenst ekki skoðun.



Fjöldi skráðra léna nokkurra smárra höfuðléna í janúar 2013 (Heimild: centr.org).

.is Island	41,879
.fo Færeyjar	3,040
.lu Luxemburg	73,008
.li Lichtenstein	69,897
.com.mt Malta	4,250

Reykjavík, 25. febrúar 2013.

Jens Pétur Jensen þjóðhagfræðingur, sérfr. hjá Þjóðhagsstofnun 1995-2000.

Framkvæmdastjóri Internets á Íslandi hf. ISNIC frá 2007.

Katrínartúni 2, 18. hæð.

105 Reykjavík.

Umsögn þessi var unnin með dyggri aðstoð starfsmanna, stjórnar og velunnara ISNIC.

Heimildir um árgjöld:

Fyrir .is: <https://www.isnic.is/is/payments/tariff>

Fyrir .fo: https://www.nic.fo/index.php?m_id=220&page=info_prisir

Fyrir .lu: http://www.dns.lu/media/content/pdf/EN_1.2.7.2_PDF-FEES-CLASSIC.pdf

Fyrir .li: <https://www.nic.ch/reg/cm/wcm-page/terms/prices.jsp?lid=en>

Fyrir .com.mt: <https://www.nic.org.mt/dotmt/>

<https://www.google.com/accounts/Logout?service=wise&continue=http://docs.google.com>

Um einokun og náttúrulega einokun má t.d. lesa í þessari ágætu kennslubók í hagfræði:
Schierenbeck, Grundzüge der Betriebswirtschaftslehre, 11. útgáfa, einkum 5. kafli. útgefandi R.
Oldenburg Verlag, München 1993.